

SAMSTARFSSAMNINGUR  
UM STOÐÞJÓNUSTU

Háskóli Íslands (HÍ), Háskólinn á Akureyri (HA), Landbúnaðarháskóli Íslands (LBHÍ) og Hólaskóli-Háskólinn á Hólum (HH) gera með sér svohljóðandi samning:

1. gr. *Markmið.*

Markmið samningsins er að efla háskólana fjóra með því að tryggja þeim öllum sambærilega stoðþjónustu á ákveðnum sviðum. Þessu markmiði verður náð með því að allir skólarnir njóti þjónustu fimm tiltekinna stoðþjónustueininga sem nú eru starfræktar innan Háskóla Íslands. Skólarnir taki allir jafnframt þátt í áframhaldandi þróun eininganna, með fulltrúa í ráðgefandi stjórn, og standi hlutfallslega að kostnaði við rekstur þeirra. Þannig má ná fram hagræði með því að nýta betur fyrirliggjandi sérþekkingu auk þess sem grunnur er lagður að auknu samstarfi.

2. gr. *Svið samnings.*

Þær stoðþjónustueiningar innan HÍ sem samningur þessi nær til eru *hugbúnaðarþróun (upplýsingakerfi)*, *vísindasvið (akademískt mat)*, *kennslumiðstöð*, *miðstöð framhaldsnáms* og *skjalasafn*. Fleiri einingar geta bæst við síðar, og verður gerður sérstakur viðauki um hverja einingu, en þeir viðaukar teljast hluti samnings þessa. Ef aðrar stoðþjónustueiningar sem samstarf verður um verða hýstar við aðra skóla gilda ákvæði samnings þessa að breyttu breytanda um tengsl hinna skólanna við þann skóla. Miðað er við að þjónusta á ofangreindum fimm sviðum verði veitt að fullu frá og með 1. september 2012.

3. gr. *Fyrirkomulag.*

Aðilar samnings eru sammála um að fela Háskóla Íslands daglega stjórnun og framkvæmd þjónustunnar gagnvart hinum skólunum þremur, á þeim sviðum sem samningur þessi nær yfir. Samningsaðilar munu vinna saman að samræmingu og þróun þjónustunnar eins og nánar er tilgreint í viðaukum samnings þessa. Háskóli Íslands gætir þess að við ráðningu starfsmanna, þjálfun og öll samskipti, að starfsmenn viðkomandi eininga líti á alla háskólana og starfsmenn þeirra og nemendur sem jafngilda skjólstæðinga sína. Gert er ráð fyrir þeim möguleika að starfsstöðvar einhverra starfsmanna muni vera við einhvern hinna skólanna en það er skilgreint nánar í hverjum viðauka fyrir sig.

4. gr. *Viðaukar.*

Í viðaukum við samning þennan er nánar fjallað um hverja tegund þjónustu og þar er nánar kveðið á um eftirfarandi atriði:

- Skilgreining þeirrar þjónustu sem skólunum er veitt.
- Markmið með samstarfi á viðkomandi sviði.
- Stjórnun og umsjón þjónustunnar og samstarfsins.
- Þjónustuhættir og þjónustustig.
- Ábyrgð á þjónustustigi.
- Starfsmannamál.

- g. Eignaréttur gagna og kerfa.
- h. Kostnaðarskipting og viðmið á viðkomandi sviði.
- i. Lykildagsetningar við innleiðingu.

#### 5. gr. *Kostnaðarskipting.*

Háskólarnir sem eru aðilar að samningnum skipta með sér kostnaði fyrir þá þjónustu sem veitt er á grundvelli kostnaðarskiptingar sem skilgreind er í viðaukum við samning þennan. Kostnaðarskipting milli háskólanna fyrsta árið byggir á forsendum sem fram koma í fylgiskjali með samningi þessum, en í viðaukum er tilgreint hvenær samstarf hefst á hverju sviði. Kostnaður og kostnaðarskipting verða endurskoðuð í október ár hvert, og ákveðin fyrir næsta ár á eftir, skv. ákvæðum í hverjum viðauka. Ef einhver samningsaðila óskar á samningstíma eftir endurskoðun á forsendum kostnaðarskiptingar skal hann óska eftir því skriflega, minnst tveim mánuðum áður en ákvörðun skal tekin.

#### 6. gr. *Greiðslufyrirkomulag.*

Fyrstu tvö árin verður greitt fyrir kostnaðaraukningu vegna samnings þessa með sérstöku framlagi mennta- og menningarmálaráðuneytisins til samstarfsverkefna opinberra háskóla. Viðbótarkostnaður þeirra tveggja stoðþjónustueininga sem samið er um samhliða undirritun samnings þessa (sjá viðauka um hugbúnaðarþróun og vísindasvið/akademískt mat) er áætlaður 13,1 milljón kr. árið 2011 og 19,7 milljónir kr. árið 2012 (sjá fylgiskjal 1 með áætlun). Eftir árið 2012 þarf hver skóli að standa straum af sínum hluta kostnaðarins, og greiða þá þeim skóla sem veitir viðkomandi þjónustu samkvæmt árlegri kostnaðarskiptingu (sjá fylgiskjal 2 um áætlaða hlutdeild háskóla í kostnaði). Greitt verður samkvæmt kostnaðarskiptingu hvers árs fyrir hverja einingu tvisvar á ári, þann 1. mars og 1. september.

#### 7. gr. *Aðilar samnings.*

Aðilar samnings þessa eru HÍ, HA, LBHÍ og HH. Rektorar háskólanna undirrita samninginn, en mennta- og menningarmálaráðherra staðfestir hann vegna þátttöku stjórnvalda í kostnaði við eflingu stoðþjónustunnar fyrstu tvö árin, sbr. 6. gr.

#### 8. gr. *Úrlausn ágreiningsmála.*

Komi upp ágreiningur um framkvæmd samnings þessa skal vísa honum til úrlausnar rektora skólanna.


#### 9. gr. *Gildistími.*

Samstarfssamningur þessi er ótímabundinn, en hver skóli getur hætt samstarfinu og sagt upp samningi þessum skriflega með sex mánaða fyrirvara (nema annað sé tekið fram í viðauka). Hver skóli heldur þá hjá sér öllum fyrirliggjandi gögnum í samræmi við ákvæði í hverjum viðauka um eignarrétt.

#### 10. gr. *Samstarf um aðra þjónustu.*

Ef skólarnir sem eru aðilar að samningi þessum óska að leita til hvers annars um önnur svið sérfræðiþjónustu en hér er kveðið á um, skal greitt fyrir það samkvæmt gjaldskrá fyrir sérfræðiþjónustu sem skólarnir koma sér saman um. Ef um er að ræða afnot af gögnum eða efni annars skóla skal gerður um það sérstakur samningur, sem er þá viðauki við samning þennan. Ef gögn eða efni eru notuð lítið breytt af viðtökuskólanum skal uppruna þeirra getið.


Reykjavík, 9. maí 2011



Rektor Háskóla Íslands



Rektor Háskólans á Akureyri



Rektor Landbúnaðarháskóla Íslands



Rektor Hólaskóla-Háskólans á Hólum



Staðfest af mennta- og menningarmálaráðherra